

til austurs í annan hól tvíklöfinn, (Eyvindarrétt). (4) Þaðan liggja mörkin að suður-enda skeifulaga tjarnar og (5) áfram upp á hábungu sandöldunnar austan hverasvæðisins. (6) Af henni til norðurs eins og aldan liggur upp á aðra sandöldu og (7) þaðan í austurhorn Veðurstofulóðar.

Um svæðið gilda eftirfarandi reglur:

1. Bannað er að raska útlili hveranna, brjóta úr skálum þeirra og henda í þá grjóti eða öðru.
2. Mannvirkjagerð öll og jarðrask á svæðinu er háð leyfi Náttúruverndarráðs. Ferðafélagi Íslands skal þó heimilt að hafa áfram skála en samráð skal haft um staðsetningu, stærð og gerð mannvirkja.
3. Gangandi fólk er heimil för um svæðið og dvöl þar í lögmætum tilgangi enda sé snyrtimennsku gætt og farið að settum reglum.
4. Akstur utan vega og merktra slóða er stranglega bannaður.
Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni og tekur hún gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Jafnframt falla úr gildi eldri ákvæði um friðun svæðisins.

Menntamálaráðuneytið, 25. apríl 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Knútur Hallsson

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Fögruhlíðar í Hlíðarhreppi.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Fögruhlíðarar.
Heimili þess og varnarþing er í Hlíðarhreppi í Norður-Múlasýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði Fögruhlíðarar að landamerkjum Hlíðarhúss og Sleðbr.sels, en þær eru: Ketilsstaðir, Tangaland, Bakkagerði, Skriðufell, Háafell, Torfastaðir, Hnitbjörg, Fagrahlíð I, Fagrahlíð II, Hlíðargarður og Hlíðarhús.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður hverju sinni. Félagið nær til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkoðningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára

í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í aprílmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð. Þó skuli félagsmenn allir greiða jafnt til félagsins, á meðan arðskrá hefur ekki verið gerð.

Slík gjöld endurgreiðist síðar, þannig að hlutur hvers verður samkvæmt arðskránni.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 6. maí 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Kúðafljóts.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Kúðafljóts. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Kúðafljóti, Tungufljóti, og fiskgenga hluta Hólmsár og öllum fiskgengum ám og lækjum, sem í vatnasvæðið falla,